

10. apríl 1975.

85

Nr. 64.

REGLUGERÐ

um takmörkun á sildveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands.

1. gr.

Allar sildveiðar íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Gildir þetta á svæði, sem takmarkast að norðan af 62°00 n.br. að vestan af 4°00 v.lgd. frá 62°00 n.br. að strönd Skotlands og í Ermarsundi af 1°00 v.lgd. Að austan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er milli Skagen og Pater Noster víta.

Enn fremur eru allar sildveiðar íslenskra skipa vestan Skotlands, á svæði VI (a) samkvæmt korti Alþjóðahafannsóknaráðsins, háðar leyfum sjávarútvegsráðuneytisins. Svæði þetta markast að austan af 4°00 v.lgd. frá strönd Skotlands að 60°30 n. br. að norðan af 60°30 n.br. vestur að 5°00 v.lgd., þaðan af 60°00 n.br. vestur að 12°00 v.lgd., að vestan af 12°00 v.lgd. suður að 54°30 n.br. austur til strandar Írlands. Milli Írlands og Skotlands markast svæðið af 55°00 n.br.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið veiðileyfi skv. 1. gr. þeim skilyrðum, er þurfa þykir til þess að tryggja að sildaraflí sé ætlaður til manneldis eingöngu og framkvæmd þeirra veiðikvóta og reglna, sem samþykktar hafa verið eða kunna að verða samkvæmt 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varðar brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. mars 1960.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 214 4. júlí 1974 um takmörkun á sildveiði íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. apríl 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.